

Miðstjórn RSÍ kosin á 16. þingi RSÍ 2007

Framkvæmdastjórn: **Formaður:** Guðmundur Gunnarsson
Varaformaður Björn Ágúst Sigurjónsson **Ritari:** Helgi Jónsson
Gjaldkeri: Haukur Ágústsson **Meðstj.** Grétar Guðmundsson

Aðalmenn miðstjórn	Varamenn
Andri Jóhannesson FRV	Anna Melsteð FTR
Birna Dögg Granz	Kristín Ó. Óskarsdóttir FÍS
Einar Kristinsson FSK	Brynjar Hermannsson RFN
Frosti Frostason FÍR	Davíð E. Sigmundsson FRV
Georg Georgsson RFS	Eyjólfur Ólafsson RFV
Guðrún S. Bergþórsdóttir FÍS	Haraldur Arnbjörnsson RFS
Hafliði Sívertsen FTR	Jóhann Bjarnason FRS
Helgi Einarsson FNÍR	Jón Ingi Öfjörð
Jakob Tryggvason	Sighvatur D Sighvatsson FSS
Jens Ragnarsson FÍR	Sigurjón Ingvarsson FÍR
Kristján Þórður Snæbjarnason FRV	Svanborg Hilmarsdóttir FNÍR
Ómar Baldursson FRS	Þórður Bachmann FÍR
Sigurgeir Ólafsson FSS	
Sigurður Sigurðsson FÍR	
Stefán Sveinsson FÍR	

Sambandstjórn

Aðalmenn	Varamenn
Bára Halldórsdóttir FRV	Aðalsteinn Arnarson RFN
Borgþór Hjörvarsson FÍR	Aðalsteinn Stefánsson FÍR
Bjarni Harðarson FÍS	Arnar B. Arnoddsson RFS
Björn Eysteinnsson FRV	Árman H. Guðmundsson FRV
Heimir Ólason FÍR	Bjarni Þór Ólafsson FSS
Haraldur Jónsson FÍR	Brynjar Svansson FÍR
Ísleifur Tómasson FÍR	Gestur Magnússon FÍR
Júlía B. Þórðardóttir FÍR	Gestur Bjarnason FÍR
Rúnar Bachmann FÍR	Heiðar Friðjónsson FSK
Rúnar S. Sigurjónsson FNÍR	Helgi Þorvaldsson FÍR
Sigurður Ólafsson RFN	Sigurður Hauksson FÍS
Trausti Gíslason RFS	Sigurður Karlsson FÍR
Viðar Már Þorsteinsson FSS	Valdimar Ásgeirsson FNÍR
Þorsteinn Ú. Björnsson FTR	Þorvaldur Þorvaldsson FRS

Starfsnefndir miðstjórnar :

Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarféлага : Stefán Ó. Guðmundsson
Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga : Stefán Ó. Guðmundsson, Sigurður Geirsson og Ísleifur Tómasson
Launanefnd : Helgi Jónsson, Andri Jóhannesson, Sigurður Sigurðsson og Haukur Ágústsson.
Orlofsnefnd : Sigurður Sigurðsson, Sigurður Lúter Björgvinsson, Einar Kristinsson og Bára Halldórsdóttir og Borgþór Hjörvarsson til vara.
Golfnefnd : Garðar Arnason, Guðbjörn Ólafsson, Magnús Jaroslav Magnússon og Víðir Tómasson. Með nefndinni starfar Stefán Ó Guðmundsson.
Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs : Ísleifur Tómasson, Björn Eysteinnsson og Guðrún Guðmundsdóttir

Laganefnd : Rúnar Bachmann, Georg Georgsson og Jakob Tryggvason

Stjórn Norræna rafiðnaðarsambandsins : Þar situr formaður hvers lands fyrir sig.

Arbejdsmiljo NEF : Ísleifur Tómasson

Menntanefnd NEF : Sigurður Geirsson

Arbejdsmiljo NBTF : Ísleifur Tómasson

Stjórn NBTF : Guðmundur Gunnarsson

Stjórn NTO : Grétar Guðmundsson, Björn Eysteinnsson varam. Sigurgeir Ólafsson.

Ákvæðisvinnunefnd rafiðna : Tómas Bjarni Tómasson og Þorvarður Hjaltason.

Skoðunarmenn: Bára Halldórsdóttir, Sigurður L. Björgvinsson Til vara. Árni H. Jóhannsson

Stjórnarmenn Stafa lífeyrissjóðs: Haraldur Jónsson aðalmaður, Guðmundur Gunnarsson varamaður. Niels Sigurðsson fyrir Matvís, Andri Jóhannsson varamaður. Kjörnefnd Þórir Hermannsson

Stjórnir aðildarféлага

Félag íslenskra rafvirkja : Stefán Sveinsson form., Björn Ágúst Sigurjónsson varaform., Sigurður Sigurðsson ritari, Jens Ragnarsson gjaldkeri. Meðstj. Jón Ingi Öfjörð, Jón Ólafur Halldórsson og Sigurjón Ingvarsson

Félag rafeindavirkja : Kristján Þórður Snæbjarnarson formaður, Haukur Ágústsson varaform, Davíð E. Sigmundsson ritari, Andri Jóhannesson gjaldkeri, Eyjólfur Ólafsson, Þórarinn Ólafsson og Örn Kristinsson meðstj. Varam. í stjórn Svanur Þorsteinsson, Bára Halldórsdóttir og Ásvaldur Kristjánsson.

Félag íslenskra símamanna : Grétar Guðmundsson formaður, Kristín Ó. Óskarsdóttir varaformaður, Birna Dögg Granz ritari, Guðrún S. Bergþórsdóttir gjaldkeri, Bjarni R. Harðarson meðstj. Varamenn í stjórn : Aðalheiður Gunnarsdóttir, Anna Nína Stefnisdóttir, Andrea Margrét Þorvaldsdóttir og Sigurður H. Hauksson.

Rafvirkjafélag Norðurlands : Helgi Jónsson form., Brynjar Hermannsson varaform., Guðmundur Ingi Geirsson ritari, Sigurður Ólafsson gjaldk., Aðalsteinn Arnarsson meðstj. Sigurður Hjaltason og Vigfús Ingi Hauksson varastj.

Félag Rafiðnaðarmanna á Suðurlandi : Ómar Baldursson form., Jóhann Bjarnason varaform., Þorvaldur Þorvaldsson ritari, Birgir Sigurjónsson gjaldk., Óskar Ingi Böðvarsson meðstj., Steinar Guðjónsson og Helgi Guðmundsson varastj.

Rafiðnaðarfélag Suðurnesja : Georg Georgsson form., Haraldur Arnbjörnsson varaform. Trausti Gíslason gjaldk. Arnar Arnoddsson ritari, Helgi Hilmarsson meðstj.

Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús : Einar Ág. Kristinsson form., Heiðar Friðjónsson ritari, Þröstur Árnason gjaldk. Guðjón Þ. Guðjónsson og Friðjón Guðmundsson meðstj.

Félag tæknifólks í rafiðnaði : Jakob Tryggvason form. Hafliði Sívertsen varaform., Þorsteinn Úlfar Björnsson ritari, Kári Eyþórsson gjaldk., Páll Sveinn Guðmundsson og Sigurjón Ólason varam.

Félag símsmiða : Sigurgeir Ólafsson form., Sighvatur D Sighvatsson varaform., Viðar Már Þorsteinsson ritari, Bjarni Þór Ólafsson gjaldk., Sigurður L Björgvinsson og Sigurbjörn Eiríksson meðstj. Eyrún Baldursdóttir

Félag nema í rafiðnum : Helgi Einarsson formaður, Hannes Páll Þórðarson varaformaður, Svanborg Hilmarsdóttir ritari, Rúnar S. Sigurjónsson gjaldkeri, Berglind Leifsdóttir, Hörður Bragason, Valdimar Ásgeirsson meðstjórnendur.

Mennta- og fræðslunefndir

Sveinsprófsnefnd sterkstraums : Sigurður Sigurðsson form, Einar Ragnarsson, Stefán Sveinsson

Sveinsprófsnefnd veikstraum : Davíð Einar Sigmundsson, Andrés Einar Guðjónsson og Þorsteinn Jóhannsson.

Menntasjóður rafiðnaðarins : Rúnar Bachmann og Örn Kristinsson. **Varam.** Sigurgeir Ólafsson

Eftirmenntunarn. veikstraumur, Rafeindavirkjar – Símsmiðir – Tæknifólk. **Aðalmenn** : Ólafur Ragnarsson, Sigurgeir Ólafsson, Sveinn Kjartansson Vala Dröfn Hauksdóttir. **Varamenn** : Davíð E. Sigmundsson Viðar Már Þorkelsson, Hafliði Sívertsen og Andri Jóhannsson

Eftirmenntunarn. sterkstraumur, Rafvirkjar- Rafvélavirkjar – Rafveituvirkjar. **Aðalmenn** : Bergsveinn Kristinsson, Georg Georgsson, Guðmundur Gunnarsson og Helgi Þorvaldsson.

Varamenn : Stefán Ó. Guðmundsson, Borgþór Hjörvarsson, Rúnar Bachmann og Þorvaldur Þorvaldsson.

Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans : Ásvaldur Kristjánsson form. Björn Ág. Sigurjónsson. Anna Melsted varam.

Framkvæmdastjórn Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins : Ísleifur Tómasson og Andri Jóhannesson
Starfsgreinaráð rafiðnaðarins, aðalmenn : Sigurður L. Björgvinsson fagn. símsmiða, Þórunn Stefanía Jónsdóttir fagn. rafeindav., Helgi B. Þorvaldsson fagn. rafveituv. Varamenn : Borgþór Hjörvarsson fagn. rafv. og rafvélav., Anna Melsted skólan. Rafiðnaðarskólans, Guðfinnur Traustason skólan. Rafiðnaðarskólans

Skipun fastanefnda ASÍ af hálfu RSÍ

Miðstjórn ASÍ : Guðmundur Gunnarsson, til vara Björn Ág. Sigurjónsson

Lífeyrisnefnd ASÍ : Guðmundur Gunnarsson, til vara Andri Jóhannesson

Alþjóðanefnd : Helgi Jónsson til vara : Björn Eysteinnsson

Atvinnumálanefnd : Borgþór Hjörvarsson, til vara Björn Eysteinnsson

Velferðarnefnd : Ísleifur Tómasson, til vara : Ómar Baldursson

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd : Ísleifur Tómasson, til vara : Jens Ragnarsson

Mennta- og útbreiðslunefnd : Stefán Ó. Guðmundsson, til vara : Stefán Sveinsson

Kjara- og skattanefnd : Björn Ág. Sigurjónsson, til vara : Georg Georgsson

Skipulags- og starfsháttanefnd : Guðmundur Gunnarsson, til vara : Grétar Guðmundsson

Vinnuréttar- og vinnumarkaðsnefnd : Björn Ágúst Sigurjónsson, til vara : Kristján Þ.

Snæbjarnason

Umhverfisnefnd : Guðmundur Gunnarsson form. skipaður af ASÍ. Þorsteinn Úlfar Björnsson aðalm., til vara Björn Eysteinnsson

Vísinda- og tækniráð : Þórunn S. Jónsdóttir

Félagsdómur : Valgeir Jónasson, til vara : Bjarni Sigfússon

Starfsmenntaráð Félagsmálaráðuneytis : Guðmundur Gunnarsson

Stjórn Einarstaða : Björn Ág. Sigurjónsson

Stjórn Flókalundar : Björn Ág. Sigurjónsson

Stjórn Ljósheima : Björn Ág. Sigurjónsson

Stjórn Ölfusborga : Ísleifur Tómasson

Starfsemin

Skrifstofan :

Starfsemi skrifstofu sambandsins er margþætt og tengist auk þess margháttaðri starfsemi sem samtök rafiðnaðarmanna koma að. Þar má benda á þær stofnanir sem RSÍ rekur í samstarfi við atvinnurekendur í rafiðnaði þ.e. Lífeyrissjóðinn Stafí, Rafiðnaðarskólann, Fræðsluskrifstofuna, Ákvæðisvinnustofuna. Auk þess er RSÍ aðili að starfsemi ASÍ og þeim stofnunum sem reknar eru í samstarfi stéttarfélaganna. Margir virðast ekki átta sig á þessu og halda því fram að verkalýðshreyfingin geri ekkert. Fyrirferðarmikill þáttur í starfinu er í gerð og viðhaldi kjarasamninga ásamt vinnu við að leysa úr hnútum sem upp koma á vinnustöðum, túlkun og að verja réttindi fólks. Þar á eftir er að verja réttindi félagsmanna sem lendir í slysum og veikindum, finna út úr bótarétti og afgreiða styrki frá sjúkrasjóðum og sækja réttindi til tryggingarfélaga eða vinnuveitenda, við þessa þjónustu bætist skrifstofa starfsendurhæfingar á þessu ári. Rafiðnaðarsambandið rekur einnig umfangsmikið orlofskerfi.

Rafiðnaðarmenn hafa í góðu samstarfi við fyrirtæki í rafiðnaði rekið umfangsmikla starfsfræðsla í atvinnulífinu með fagtengdum námskeiðum í Rafiðnaðarskólanum og námskeiðum í stjórnnum og samskiptum á vinnumarkaði í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Mími. Um 1.000 rafiðnaðarmenn nýttu sér þetta á síðasta ári. Í þessu kerfi er auk þess umfangsmikil starfsemi í Fræðsluskrifstofu rafiðna sem tengist námssamningum, sveinsprófum og endurnýjun námskráa.

Stéttarfélögin þurfa að leggja fram umsagnir við frumvörp og reglugerðir og vera þátttakendur ásamt ráðuneytum í mótun og þróun vinnumarkaðarins. Þetta er gert í nánú samstarfi við hagdeild og lagadeild ASÍ.

Starfsmenn RSÍ :

Guðmundur Gunnarsson form. framkvæmdastjórn á skrifstofu. Kjarasamningar og samskipti út á við; ASÍ, nefndarstörf og norræn samskipti og umsjón skrifstofu. Björn Ágúst Sigurjónsson samskipti við vinnustaði, umsjón orlofshúsa, umsjón kjarasamninga. Björn Eysteinnsson samskipti við vinnustaði, umsjón kjarasamninga. Birna Birgisdóttir bókhald. Guðrún Guðmundsdóttir gjaldkeri, styrktarsjóður umsjón orlofsleigu. Ísleifur Tómasson samskipti við vinnustaði, vinnuverndarmál, umsjón kjarasamninga. Svava Skúladóttir sjúkrasjóð og skráningar í kerfið. Sigurður Steinarsson er í hlutastarfi og sinnir eftirliti á vinnumarkaðinum. Sæmundur Hrólffson og Heiða umsjón og eftirlit orlofshúsa. Aukamaður er í Skógarnesi vegna tjaldsvæðis yfir hásumarið.

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins :

Ísleifur Árni Jakobsson framkv.stj., Stefán Ó Guðmundsson. Stofan hefur samning við menntamálaráðuneytið um umsjón og endurnýjun námskráa rafiðnaðargreina. Mat á námi erlendra rafiðnaðarmanna, eins ef einstaklingar vilja hefja nám í rafiðngrein. Eftirlit með námsamningum. Umsjón prófabanka sveinsprófsnefnda og sveinsprófa. Samskipti við menntamálaráðuneyti og verkmenntaskóla auk Félags kennara í rafiðngreinum.

Ákvæðisvinnustofa rafiðnaðar :

Síðasta haust flutti Ákvæðisvinnustofan í Stórhöfðann úr Rafiðnaðarskólanum. Ákvæðisvinnustofan sér um eftirlit og endurnýjun ákvæðisvinnutaxans. Einnig metur stofan verk ef upp rísa deilur um uppgjör. Starfsmaður stofunnar er Ólafur Sigurðsson

Lögmenn :

Félagsmenn hafa aðgang að lögmönnum ASÍ og RSÍ. Sambandið er með samninga við Löggarð og Láru V. Júlíusdóttir.

Starfsendurhæfingarsjóður :

Í síðustu kjarasamningum var samið um að greiða 0.13% í Starfsendurhæfingarsjóð. Hlutverk sjóðsins verður að aðstoða fólk sem lendir í langvinnri fráveru frá vinnumarkaði vegna veikinda eða slysa að koma inn á vinnumarkað aftur. Nú hefur náðst samkomulag um að að stéttarfélögin sem eru staðsett í Stórhöfða sameinist um að ráða í þetta starf og verður það auglýst í vor.

Helstu kennitölur úr bókhaldi síðasta árs:

Félagsgjald til sjóða RSÍ :

Félagsgjaldið árið 2008 nam alls kr. 221.695.045 sem skiptist í samræmi við ákvörðun sambandsstjórnar þannig : Hlutur aðildarfélaga 35% - Sambandið 44% - Styrktarsjóður 1% - Orlofssjóður 14% - Menningarsjóður 6%.

Tekjur styrktarsjóðs eru árið 2008 kr 212,7 millj. kr. og lækka örlítið frá 2007 eða um 0,1%. Auk þess rann til sjóðsins 2.2 millj. kr. af félagsgjaldi. Alls fengu 95 félagsmenn greidda út sjúkradagpeninga á árinu 2008 og meðaltal greiðslna nam kr. 761.975.- á mann og í heild fengu 1.433 félagsmenn greidda styrki á síðasta ári.

Orlofssjóðsgjald var 84,1 millj kr. árið 2008, auk þess rann til sjóðsins af félagsgjaldi 31 millj. kr. Leigutekjur orlofshúsa hafa hækkað, voru árið 2007 kr. 28.3 millj. kr.- og árið 2008 kr. 35.1 millj. kr. sem er 24% hækkun milli ára. Tekjur af tjaldsvæði hækka úr 3.2 millj. kr. í 4,4 millj. kr. eða um 35%. Þar spilar inn fjölgun gesta á síðasta sumri, en auk þess var nýja rafkerfið tekið í notkun og farið að gjaldtaka vegna notkunar á rafmagni.

Styrktarsjóður RSÍ

Styrkir	2005	2006	2007	2008
Sjúkrabætur	41.414.703	58.105.974	75.524.018	72.387.668
Útfarastyrkir og db barna	3.423.669	7.437.920	5.156.589	5.591.347
Sjúkran. og sjúkrabjálfun	3.655.380	4.613.340	4.755.480	5.419.200
Sjúkrahúsaðgerðir	4.450.369	4.168.296	5.898.733	5.131.304
Ferðastyrkir	367.000	336.975	243.000	428.645
Líkamsr. og forvarnarstarf	9.799.836	10.803.202	11.477.800	14.269.120
Gleraugnastyrkir	3.579.402	8.803.395	6.170.109	5.273.735
Aðrir styrkir	4.012.440	3.724.424	2.744.458	3.391.200
Samtals	70.702.799	97.993.526	111.970.187	111.892.210

Alls fengu 95 félagsmenn greidda út sjúkradagpeninga á árinu 2008. Meðaltal greiðslna nam kr. 761.975 pr. mann. Í heild fengu 1.433 félagsmenn greidda styrki á árinu 2008.

Á sambandsstjórnarfundum 2008 voru samþykktar hækkanir og breytingar á nokkrum styrkjum Styrktarsjóðsins sem tóku gildi um áramótin.

Sjúkradagpeningar tekjutenging að 80% af launum næstliðinna 5 mán. en hámark kr. 431.439 á mánuði.

Eingreiddur útfararstyrkur

Fullgr. félagi	424.228
75 ára og eldri	318.171
80 ára og eldri	238.628

Með fyrsta barni	763.602
Með hverju barni umfram eitt	381.801

Árlegur Forvarnar-likamsræktarstyrkur kr. 20.000.

Árlegur Námskeiðsstyrkur kr. 20.000. Skráðir atvinnulausir RSÍ-félagsmenn í 30 daga eða lengur fólk eiga rétt á tvöföldun þessa styrks, samtals kr. 40.000 árið 2009. RSÍ greiðir að auki allt námskeiðsgjald að öllum þeim námskeiðum sem Rafiðnaðarskólinn heldur og Menntasjóðurinn greiðir hluta námskeiðsgjalda til fagtengdra námskeið, sem ekki eru haldin í Rafiðnaðarskólanum.

Styrkir RSÍ til mannúðarmála :

Skrifstofu RSÍ berast fjölmargar beiðnir um að styrkja margskonar málefni og flest þeirra eru mjög þörf. Það leiddi til þess að sú ákvörðun var tekin á fyrri þingum RSÍ að veita frekar færri styrki og hafa þá myndarlega. Sambandsstjórn RSÍ ákvað á fundi sínum í Borgarnesi að árlegur styrkur sambandsins ein milljón kr. myndi renna til rannsókna á skimun í ristli. En eins og fram hefur komið þá er krabbamein í ristli og endaparmi orðið algengasta krabbamein hjá karlmönnum yfir 50 ára aldri.

Fyrir ári rann styrkurinn til krabbameinsrannsókna í brjóstum kvenna. Tryggvi Stefánsson skurðlæknir á Landspítalanum veitti styrknum viðtöku og þakkaði stuðninginn og sagði að ristil og blöðruhálskirtilskrabbamein væru með algengustu krabbameinum, og að um 60 manns féllu frá árlega úr þessum sjúkdómi. Hann gat þess jafnframt að með skimun væri hægt að fækka þessum krabbameinstilfellum um allt að 80%.

Félagsmannafjöldi

Félag	2008 +óvirkir		2007	2006	2005	2004	2003
Fél. nema í raf.	136		318	329	308	332	264
Fél. símsm.	175	5	201	223	205	216	214
Raf.fél N.land	180	17	188	175	172	186	175
Fél. ísl. rafv.	1.547	146	1.665	1.389	1.358	1.496	1.552
Fél. rafei.v.	756	29	967	845	783	839	834
Fél. raf S.land	109	11	136	110	105	120	113
Raf.f. S.nes	103	10	130	126	100	118	102
Fél. ísl. símam.	906	236	1.056	912	892	899	1.006
Fél. sýn.stj.	27	7	34	35	35	40	36
Fél. tækf. í raf.	1.576	18	907	567	449	464	418
	5.546	5.994	4.861	4.711	4.407	4.710	4.714

Óvirkir félagsmenn er fólk sem er gjaldfrítt vegna aldurs.

Erlendir félagsmenn :

Erlendir félagsmenn í RSÍ um áramótin 2008/9 voru 47 frá 14 löndum. Næstu áramót þar á undan voru þeir 422 frá 45 löndum. Það er sama nú og fyrir ári síðan langflestir þeirra, eða 20 eru frá Póllandi, voru 249 í fyrra. 9 koma frá Þýskalandi, 4 frá Portúgal, 2 frá Danmörk, 2 frá Litháen og 2 frá Bandaríkjunum. Síðan er einn frá hverju eftirtalinna landa : Finnlandi, Noreg, Englandi, Ungverjalandi, Rúmeníu, Tékklandi, Filipseyjum og Zambíu. Tveir af þessum mönnum voru á atvinnuleysiskrá í lok marz.

Atvinnuleysi :

Eftir bankahrunið hefur atvinnuleysi farið stöðugt vaxandi. Vonir standa til að botninum sé náð nú í vor. Þar til viðbótar hafa margir rafiðnaðarmenn orðið fyrir umtalsverðri tekjuskerðingu þegar vinnutími hefur verið skorinn mikið niður og margskonar bónusar felldir burt.

Hlutfall rafiðnaðarmanna á atvinnuleysiskrá í Rafiðnaðarsambandinu er 3.3%. Nánast allir eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Einhver hluti af skráðum atvinnulausum eru í hlutastarfi, en í þeim gögnum sem RSÍ hefur er ekki hægt að greina hversu margir.

	Nóv	Des	Jan	Feb	Mar	Aukning frá síðasta mán.
Rafvirkjar	31	22	38	61		60%
Rafeindav.	7	10	20	29		45%
Símsmiðir	2	2	5	5		0
Tæknifólk	18	24	53	97		83%
Raf.nemar	4	6	4	9		125%
Samtals	62	62	123	201	271	26%

Félagsstarfið

Miðstjórn :

kemur saman einu sinni í mánn. yfir vetrarmánuðina og heldur að jafnaði um 9 fundi á ári og hafa verið haldnir 9 fundir á kjörtímabilinu. Auk þess hefur framkvæmdastjórn haldið allmarga fundi, en hún nýtir einnig nokkuð samskiptatæknina til þess að taka afstöðu í hinum mikla hraða sem við búum við í dag. Fundargerðir miðstjórnar eru á heimasíðunni. Á vegum miðstjórnar starfa eftirfarandi starfsnefndir : úthlutunarnefnd styrktarsjóðs, orlofsnefnd, laganefnd og launanefnd.

Íslandsmót iðngreina :

Íslandsmót iðngreina var haldið 18. og 19. apríl í Laugardalshöll í tengslum við sýninguna Verk og Vit. 6 rafvirkjanemar kepptu um titilinn. Þeir komu frá Iðnskólunum í Reykjavík, Hafnarfirði, Suðurnesjum, Akranesi og Akureyri. Sigurvegari var Gunnar Þórbergur Harðarson frá Iðnskólanum í Reykjavík, hann er annar frá vinstri. Reyndar var ákaflega lítill munur á efstu mönnum og allir keppendur stóðu sig mjög vel.

Heiðursverðlaun Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur :

Heiðursverðlaun Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur voru afhent 7. febrúar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Félagið hefur undanfarin ár heiðrað þá iðnnema sem hafa staðið sig afburðavel í námi og sveinsprófum. Rafiðnaðarmenn voru áberandi við athöfnina í af 18 nýsveinum sem fengu verðlaun voru 7 rafíðnaðarmenn. Baldur Gíslason og Sveinn Svavarsson rafeindavirkjar frá Iðnskólanum í Reykjavík. Ásgeir Eiríksson, Þorsteinn Kolbeinsson Jón Garðar Helgason rafvirkjar frá Fjölbrautarskólanum í Breiðholti. Jóhann Ingi Ævarsson rafvirki frá Fjölbrautarskóla Vesturlands. Kári Steingrímsson rafvirki frá Iðnskólanum í Hafnarfirði. Í fyrsta skipti var valinn iðnaðarmaður ársins, það var Óðinn G. Gunnarsson járnsmíðameistari. Aðrir sem fengu heiðurskjöl voru 1 bakari, 1 klæðskeri, 1. Framleiðslumaður, 2 matreiðslumaður, 2 múrarar og 3 húsagnasmiðir.

Rafbókasafn :

Danska rafíðnaðarsambandið hefur veitt leyfi fyrir því að RSÍ mætti nýta og þýða allt danska kennslubókasafnið, en verulegur skortur hefur verið á kennsluefni í rafíðnaði hér á landi. RSÍ ákvað í samráði við fræðsluskrifstofuna að koma upp netvæddu rafbókasafni með styrk uppá 2 millj. framlagi næstu 3-4 árin. Nú þegar er kominn töluverður fjöldi kennslubóka á vefinn, auk þess að búið er að þýða nokkrar bækur yfir á íslensku.

Símasafn :

Símasafn opnað í Skógarnesi. Þ. 26. sept. 2008 var opnuð saga uppbyggingu símakerfisins í endurbyggðu símstöðvarhúsinu á Skógarnesi. Félag símanna reisti húsið við opnum svæðisins þegar félagið keypti landið við Apavatn, ásamt því að reisa símalína með heimreiðinni inn á svæðið að símstöðvarhúsinu og setur það mikinn svip á svæðið. Húsið var nákvæm eftirlíking af þeim húsum sem voru sett við línurnar á Smjörvatnsheiðinni, þar sem línan lá frá Vopnafirði og yfir til Mývatns.

Húsið er byggt úr bjálkum með torfþaki. Í öðrum enda þess var aðstaða fyrir hesta viðgerðarmanna og í hinum svefnbálkur. Húsið var orðið ákaflega illa farið og lá fyrir að gera það upp eða fella það. Stjórn FÍS ákvað að leggja fram fjármagn til endurbyggingar hússins og hófst vinna við það vorið 2008. Steypt var plata undir húsið, lögð hitalögn í gólf, þak endurgert. Húsinu var snúið við þannig að gluggar og hurð snéru niður að vatni og sett verönd við húsið.

Ákveðið var að fá eldri símamenn til þess að setja upp í húsinu sýningu um sögu símalína og símstöðva hér á landi. Við opnun sýningarinnar var boðið fyrri forsvarsmönnum símanna og Landssímans. Mönnum bar saman um að sérstaklega vel hefði til tekist. Sýningin væri ákaflega vönduð og skemmtilega uppsett. Húsið nyti sín vel í nýju hlutverki. Ætlunin er að húsið verði til útleigu fyrir minni uppákomur t.d. vegna golfvallarins. Húsið er við braut 9 og af veröndinni sést vel yfir allar brautirnar og suður yfir Apavatnið.

Sambandsstjórnarfundur :

Sambandsstjórnarfundur var haldinn 24 og 25 apríl í Borgarnesi. Fjallað var um reikninga sambandsins auk reglugerða sjóða. Starfsreglur styrktarsjóðs voru endurskoðaðar. Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ og Ólafur Darri Andrason fóru yfir landslagið í íslensku efnahagslífi og spáðu í hvort allt væri að fara til fjandans eða ekki.

Ólafur Darri sagði að það væri ekki alltof bjart framundan, og eftir góða veislu yrðu menn að takast á við timburmennina. Neikvæð þróun er á mörkuðum, og í stað mikils hagvaxtar mætti búast við samdrætti í öllu, og einkaneysla myndi dragast saman, sem þýðir aukið atvinnuleysi og aukna verðbólga. Hann spáði að atvinnuleysi myndi aukast um 2% færi í ca 4-4,5% og verðbólga yrði um 8-10%. En myndi síðan hjaðna og í desember á þessu ári yrði hún um 5%.

Efnahagsstjórn síðustu ríkisstjórna hefur byggst á athafnaleyfi í skjóli mikillar þenslu og aukinnar skuldsetningar. Nú blasa við afleiðingarnar. Fleiri þúsund íslensk heimili ramba á barmi gjaldþrots. Verðbólga er tvöfalt hærri en viðunandi er, og stefnir í að verða fjórfalt hærri. Verðlag á dagvöru hér á landi er 30 – 40% herra en í nágrannalöndunum. Við búum við hæstu vexti í Evrópu og þó víðar væri leitað. Kostnaður íslenskra heimila er 7 faldur kostnaður ríkissjóðs af þátttöku Íslands ef við værum innan ESB.

Ágúst Einarsson rektor á Bifröst fjallaði um evrumál og Evrópusambandið. Í máli hans kom fram, að t.d. matarverð væri allt að 60% herra en í nágrannalöndunum, og Ísland væri með hæsta verð í allri Evrópu. Ef við gengjum í ESB þá myndu útgjöld til heimila lækka verulega.

Ásgeir Þór Ólafsson fjallaði um afleiðingar rafmagnsslysa. Hann sagði niðurstöðurnar sláandi og óskaði eftir samstarfi um fyrirbyggjandi aðgerðir varðandi slys að þessu tagi. Það væru hagsmundir allra. Samþykkt var samstarf um kynningar og fyrirbyggjandi aðhald vegna slysa af þessu tagi.

Trúnaðarmannaráðstefnan :

Trúnaðarmannaráðstefnan var haldin á Selfoss dagana 13. – 14 okt. Um 100 trúnaðarmenn sátu ráðstefnuna. Fjallað var ítarlega um stöðu efnahags- og vinnumarkaðsmála. Í störfum ráðstefnunnar tóku þátt Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ, Ólafur Sigurðsson framkv.stj. Lífeyrissjóðsins Stafa, Gylfi Arnbjörnsson framkv.stj. ASÍ, Ólafur Darri Andrason forstöðum. Hagdeildar ASÍ. Illugi Gunnarsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Aðalsteinn Leifsson lektor í Háskólanum í Reykjavík ásamt Hannes Sigurðssyni aðst.framkv.stj. SA.

Í lok fundarins var það einróma niðurstaða ráðstefnumanna, að þeim sem stjórnað hafa efnahags- og peningastefnu landsins á undanförunum árum ásamt stjórn Seðlabanka og forstöðumönnum Fjármálaeftirlitsins, hafi orðið á gríðarleg og óafsakanleg mistök. Í valnum liggur fjöldi saklausra einstaklinga og heimila, auk þess að atvinnulíf landsins er nánast rústir einar. Álit Íslands hafi beðið gríðarlegs hnekki og við landsmönnum blasti nánast ókleifur múr erlendra skulda ríkissjóðs. Hundruð milljarða af sparifé landsmanna hefur gufað vegna aðgerða- og getuleysis kjörinna stjórnámálanna, sem frekar hafi varið tíma sínum í tilgangslaugar glæsiferðir með auðmönnum.

Tilgangslaust er að mati trúnaðarmanna rafiðnaðarmanna fyrir stjórn Seðlabanka og ríkisstjórn að reyna að skýla sér á bak þess að sami stormur geysi annarsstaðar. Afrek stjórnenda íslenskrar efnahagsstefnu blasir við. Hvergi er verðbólgan jafnmikil, hvergi er verðlag og vextir jafnhátt. Gjaldmiðill landsins hefur fallið um 72% þegar síðast spurðist til hans. Vísitala hlutabréfa fallið úr 9040 stigum í júlí 2007 og er kominn í dag 716 stig. Ef Ísland á að ná vopnum sínum verður nú þegar að lýsa því nú þegar yfir að breytt verði um efnahags- og peningastefnu. Vexti verður lækka í a.m.k 7%. Sett verði stefna á tiltekt og hreinsun með trúverðugum hætti m.a. með því að stefnt verði á gjaldmiðilsskipti og inngöngu í ESB. Ef það verði gert lýsa rafiðnaðarmenn sig tilbúna til þess uppbyggingarstarfs sem við blasir.

Formannafundur RSÍ :

Miðstjórn og stjórnir aðildarfélaga héldu stóran fund 13. nóvember um þá stöðu sem var kominn upp, gestir á fundinum voru Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ og Ólafur Sigurðsson framkv.stj. lífeyrissjóðsins. Þeir ásamt formanni sambandsins fóru yfir þá stöðu sem hefur skapast í kjölfar bankahrunsins. Það versta sem við sé að glíma því þessu sambandi sé hversu há verðbólgan sé. Það

hafi t.d. ekki verið vandamál árið 1990 þegar glímt var við svipaðan vanda, þá hafi verðbólgan verið liðlega eitt prósent. Verðbólga sem sé farin að nálgast 20% kalli á háa vexti og þrýsti verðtryggingu upp.

Hvað varðar lífeyrissjóðina þá er ekki hægt að segja nákvæmlega til um stöðu þeirra fyrr en markaður fari í gang aftur. Þó sé ljóst að lífeyrissjóðirnir hafi tapað töluverðum fjármunum. Í fundarlok voru almennar umræður. Rætt var um hvernig Rafiðnaðarsambandið og aðildarfélögin geti staðið sem best við bakið á þeim félögum sem verði atvinnulausir og samþykkt að vera vel vakandi í þeim eignum. Einnig kom fram að nú séu þeir aðilar sem séu hvað helst ábyrgir fyrir þeim óföllum, sem Ísland lenti í hafi í vaxandi mæli verið að þeyta upp moldviðri og reyna að drepa umræðunni á dreif. Forsvarsmenn gömlu bankanna og auðmennirnir.

Hluti sjóða sambandsins var í eignavörslu Landsbankans og ljóst er að nokkur hluti þeirra hefur glatast, ekki liggur fyrir hversu mikið það var vegna óvissu um stöðuna í efnahagsmálum. Miðstjórn hefur fylgt þeirri stefnu að byggja upp öflugt orlofskerfi og hefur verið mikið fjárfest í því á undanföllum árum með endurnýjun orlofshúsa og uppbyggingu útivistarsvæðinu í Skógarnesi, sem nýtist bæði orlofshúsunum og velbúnu tjaldsvæðinu.

Sjóðamyndun í orlofssjóði fer fram í eignaaukningu orlofskerfinu, enda er það í samræmi við landslög um rekstur lögbundina orlofssjóða. Umfram fjármagn félagsjóðs hefur verið lánað til þessara miklu framkvæmda og það glatast ekki. Það er í samræmi við þá stefnu að hafa frekar fjármunina þar sem þeir nýtast félagsmönnum en geyma þá í hlutabréfum. Menningarsjóður RSÍ á félagsmiðstöðina á Sjóhöfðanum. Eignir verkfallsjóðs eru geymdar í tryggum bréfum og fasteignum.

Þannig að lítill hluta eigna RSÍ lá í eignavörslunni og staða sambandsins mjög sterk eftir sem áður. Engin ástæða er að draga úr þjónustu við félagsmenn eða þeirri tryggingu sem félagsmenn og fjölskyldur þeirra hafa í gegnum styrktarsjóðinn.

Félagsfundir :

Utan aðalfunda aðildarfélaga fara flestir fundir fram á vegum RSÍ vegna sameiginlegra kjarasamninga og félagslegs rekstur. Bein samskipti félagsmanna við skrifstofuna og trúnaðarmenn hafa aukist með tilkomu netið og einnig er ekkert mál að grípa upp GSM símann og hringja og leita upplýsinga. Heimasíðan er alltaf með allar nýjustu upplýsingar. Skrifstofan fær fleiri tugi fyrirspurna á hverri viku um tölvupóstinn og má segja að með vissu leiti standi yfir félagsfundur alla daga vikunnar yfir netið.

Í febrúar voru haldnir félagsfundir á Akranesi, Ísafirði, Sauðárkrók, Akureyri, Selfoss, Reykjanesbæ, Reykjavík og Reyðarfirði. Auk þess voru fundir í rafiðnaðardeildum Verkmenntaskólanna á Akranesi, Sauðárkrók, Akureyri, Selfoss, Reykjanesbæ, Hafnarfirði og skólunum í Reykjavík. Óvenjulega góð aðsókn var á fundunum og sóttu rúmlega 500 rafiðnaðarmenn fundina.

Vinnufundur miðstjórnar :

Miðstjórn hélt árlegan vinnufund sinn að þessu sinni haldinn á Akureyri. Þangað mættu gestafyrirlesarar. Birgir Guðmundsson lektor við Háskólann á Akureyri ræddi um stjórnmalaviðhorfið almennt og eins hvaða boðskap búsáaldabyltingin væri að boða, eins viðbrögð við henni. Hann taldi viðbrögð vera óveruleg, vegna þess að kröfurnar væru oft á tíðum mótsagnakenndar. En boðskapurinn væri skýr, nýtt lýðveldi. Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ var þátttakandi í umræðuna, sem var ákaflega líflæg.

Haraldur Jónsson stjórnarformaður Stafa og Ólafur Sigurðsson framkv.stj. fjölluðu um afkomu og stöðu lífeyrissjóðsins vegna þess ástands sem nú ríkir í íslensku samfélagi. Áberandi í umræðunni er að verkalýðshreyfingunni er kennt um allt sem miður hefur farið varðandi samskipti lífeyrissjóðanna við fjármálakerfið. Sumt er fjarstæðukennt, annað byggt á misskilningi og þekkingarleysi. Það er krafa okkar að lífeyrissjóðirnir starfi og virki eins og þeir voru stofnaðir til á sínum tíma.

Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ fór yfir og kynnti “Horfur í efnahagsmálum 2009-2011 og sagði horfurnar slæmar og spáin væri hálfgerð hörmungarspá, og að niðursveiflan yrði meiri en við höfum áður séð. Krónan hefur misst allt traust og enginn vill eiga hana. Það mun ekki birta aftur fyrr en á árinu 2011 ef okkur tekst að skapa traust á íslensku efnahagslífi. Þá mun landsframleiðslan dragast saman um 10% næstu 2 árin og við okkur blasa 2 mjög erfið ár.

Kaupmáttur launa rýrnaði um 8,4% árið 2008 og útlit fyrir áframhaldandi rýrnun kaupmáttar á næstu mánuðum. Hagdeildin gerir ráð fyrir að kaupmáttur launa rýrni um 7% á yfirstandi ári en aukist nokkuð á ný á árunum 2010-2011. Varðandi atvinnuleysi má búast við að það nái hámarki seinni hluta þessa árs. Miðað við hóflegar forsendur er tvísýnt að viðsnúningur verði á vinnumarkaði fyrr en árið 2011. Á íslenskum vinnumarkaði eru um 170 þúsund manns.

Fjallað var um spár hagdeilda vinnumarkaðs um hvert stefni og hver viðbrögð stjórnvalda þyrftu að vera. Mikil umræða var um endurskoðun kjarasamninga og hvernig eigi að bregðast við þeirri stöðu sem upp er kominn ef fyrirtækin segðu upp samningnum.

Umræður hafa verið um stöðuna á vinnumarkaðinum og aðstoð RSÍ við atvinnulausa. Einnig hefur verið fjallað um starfsemi sambandsins. Mikið hefur verið spurt um stöðu lífeyrissjóðsins og einkennilegar yfirlýsingar stjórnmalamanna og fleiri um hvernig þeir ætli sér að nýta sjóðina og fyrirætlanir um að meðhöndla þá eins og þeir séu almannaæign.

Fjölskylduhátíð :

Fjölskylduhátíðin var að venju haldin um Jónsmessuhelgina 20. – 22. júní. Veður var mjög gott stillt og sólríkt, en örlytlir skúrir á laugardag. Um 160 tjaldeiningar voru á svæðinu og öll húsin full af gestum. Auk þess kom nokkur hópur af fólki sem staldráði við á meðan skemmtiatriði voru. Ætla má að um 800 manns hafi verið á svæðinu alla helgina og tæplega 1.000 manns þegar fjölmennast var.

Allt fór fram með miklum ágætum og vandræðalaust. Á undanförunum árum höfum við orðið fyrir vaxandi ásókn utanfélagsmanna á svæðið, og hefur gætt óánægju meðal félagsmanna að þeir komist ekki inn á svæðið vegna þessa. Því var tekin upp sú nýbreytni að setja gæslu við innkeyrslu á svæðið og utanfélagsmönnum ekki hleypt inn nema þeir hafi sannanlega verið gestir félagsmanna. Nokkur hópur varð að hverfa frá vegna þessa.

Dagskrá var að mestu hefðbundin og í boði Félags rafeindavirkja sem hélt upp á 40 ára afmæli félagsins. Víðavangshlaup, fótboltamót, púttkeppni, golfmót, veiðikeppni, hoppukastalar, grillaðar pylsur og candy floss. Um kvöldið spilaði KK og hljómsveit og kvöldinu lauk að venju með brennu.

Ferð eldri félagsmanna :

Föstudaginn 4. júlí bauð RSÍ eldri félagsmönnum í árlega ferð. Nú var farið í Draugasetrið á Stokkseyri og síðan snæddur kvöldverður á Hafinu Bláa. Tæplega 130 manns voru með í ferðinni að þessu sinni.

Spennugolf :

Spennugolf 2008 var á Strandarvelli við Hellu. Veðrið var fádæma gott og mótið vel lukkað. Að venju var mikið um dýrðir á mótinu og fjöldi verðlauna mikill og mörg þeirra glæsileg. Úrslit í kvennaflokk : 1. Guðrún Guðmundsdóttir, 2. Svava Skúladóttir, 3. Helena Kristinsdóttir

Högguleik eftir Bráðabana : 1. Guðbjörn Ólafsson, 2. Guðmundur Gylfason, 3. Einar Hafsteinsson

Punktakeppni : 1. Eiríkur Stefánsson, 2. Kolbeinn Kolbeinsson , 3. Helgi Þorvaldsson
Sigurvegarar í högguleik voru : Guðmundur Gylfason varð í fyrsta sæti á 76 höggum. Í öðru Hörður Svavarsson á 84 höggum og í þriðja Sigurður Sigurðsson á 85 höggum. Sigurvegari í kvennaflokki var Guðrún Guðmundsdóttir á 106 höggum.

Með forgjöf eftir Stableford kerfi varð fyrstur Einir Logi Eiðsson á 45 punktum, í öðru sæti varð Vigfús Þórssón á 42 punktum og í þriðja sæti varð Hrólfur Þórarinnsson á 40 punktum. Í kvennaflokki varð Guðrún Guðmundsdóttir sigurvegari á 34 punktum. Í ágúst var haldið síðsumarsmót á Geysisvelli.

Norrænt samstarf.

RSÍ er aðili að Norræna rafiðnaðarsambandinu (NEF) og tekur virkan þátt í starfi þess, í sambandinu eru um 140 þús. rafiðnaðarmenn. Norðurlöndin hafa um langt árabil verið sameinuð í einum vinnumarkaði og réttindi tengd milli landanna. Sama gildir fyrir félagsmenn RSÍ, þeir njóta réttinda innan hinna norrænu rafiðnaðarsambandanna. NEF er aðili að norræna byggingarsambandinu (NBTF), sem er svo aftur aðili að Evrópska byggingarsambandi (EBTU) og Alþjóðlega byggingarsambandinu (IBTU). Auk þess að RSÍ aðili að Norræna símasambandinu (NTO). RSÍ á fasta stjórnarmenn í NEF og NTO og á einnig stjórnarmann í EBTU annað hvert kjörtímabil. Auk þess á RSÍ fulltrúa í vinnunefndum norrænu sambandanna, en þeir sækja ekki alla fundi.

Ráðstefna NEF :

Norræna rafiðnaðarsambandið hélt ráðstefnu í Kaupmannahöfn 14. og 15. maí um frjálst flæði launamanna á Evrópska efnahagssvæðinu og þau vandamál sem hafa risið vegna þess. Starfsmannaleigur og undirverktakafyrirtæki hafa flutt inn launamenn frá austanverðri Evrópu og falboðið þá á launum undir markaðslaunum. Í dag vinna á norðurlöndunum vel á þriðju milljón erlendra farandverkamanna, sem sýnir vel stöðu norðurlandanna. Þau eru þróttmesta svæðið í Evrópu jafnvel þau víðar væri leitað. Mikil framleiðni og sveigjanlegur vinnumarkaður er að skila okkur þessa stöðu. Jafnræði og tryggt umhverfi með öryggisnetum fyrir þá sem minnst mega sín.

Evrópa var í kyrrstöðu þegar stofnað var til Evrópusambandsins. Forsvarsmenn þeirra landa sem að stofnun sambandsins stóðu, óttuðust um lakari samkeppnisstöðu Evrópu gagnvart miklum uppgangi á öðrum svæðum eins og Asíu og Bandaríkjunum. Árangurinn hefur verið góður og tekist hefur að skapa feykilegan fjölda nýrra atvinnutækifæra. Samfara meiri efnahagslegum stöðugleika. Svíþjóð og Finnland gengu árið 1990 í gegnum svipaða kollsteypu og við erum að upplifa nú. Atvinnulífið þar krafðist þess að stjórnvöld styrktu gjaldmiðilinn og stækkuðu markaðssvæði fyrirtækjanna. Atvinnulífið í þessum löndum hefur notið góðs af þeirri ákvörðun að ganga í ESB.

Þing NEF :

Þing Norræna rafiðnaðarsambandsins var haldið í Osló 21. og 22. ág. Sambandið er 20 ára á þessu ári. Í sambandinu eru öll norrænu rafiðnaðarsamböndin, en þau eru með um 140 þús. félagsmenn. Á vegum sambandsins hafa kjarasamningar og réttindi verið samræmd, auk þess hefur verið mikið samstarf um samræmingu í menntun innan norræna rafgeirans.

Á þinginu hélt Jan Erik Støstad ráðuneytisstjóri Vinnuáráðuneytisins mjög yfirgripsmikið og áhugavert erindi um stefnu norsku ríkisstjórnarinnar gagnvart erlendu vinnuafla á norskum vinnumarkaði og undirboð á kjörum. Það eru um 200 þús. erlendir launamenn á norskum vinnumarkaði, þar af eru liðlega 1000 rafiðnaðarmenn frá öðrum norrænum löndum flestir frá Danmörku og Svíþjóð.

Jan sagði að erlendir launamenn hefðu skapað mikil verðmæti fyrir Noreg og væru þar velkomnir. Nokkur fyrirtæki og starfsmannaleigur hefðu reynt að nýta hið erlenda vinnuafl til þess að hagnast með því að undirbjóða laun og kjaratengd atriði og greiða hinum erlendu starfsmönnum sínum laun í samræmi við það sem lægst þekkist á Evrópskum vinnumarkaði. Fljótlega hefðu komið fram mikil gagnrýni á opinberar eftirlitsstofnanir frá samtökum launamanna og ekki síður frá norskum fyrirtækjum. Þau hefðu bent á að þau yrðu að fara eftir norskum kjarasamningum og eins að greiða skatta og skyldur til norsks samfélags. Norsk stjórnvöld tóku höndum saman við norsk fyrirtæki um að koma á skráningu allra byggingarmanna. Þar bar mikið á því að til landsins væru fluttir erlendir iðnaðarmenn en skráðir sem verkamenn og greidd byrjunarlaun verkamanna. Þessir menn væru síðan látnir vinna störf iðnaðarmanna.

Jan fór yfir nýfallin dóm í Evrópudómstólnum um kjaramál (Laval dómurinn) þar sem dómsorð var að miða skuli við launakjör eins og eru í heimalandi viðkomandi starfsmanns. Hann sagði að þessi dómur væri í raun pólitísk ákvörðun og ekki byggður á rökum. Fyrir lægi að sænsku launasamtökum unnu ekki heimavinnu sína nægilega vel. Að hans mati var ljóst að þessi dómur myndi ekki hafa víðtæk áhrif. Ástæða er að geta þess að á Íslandi eru lög um vinnumarkað frá 1938 sem kveða á um að löglega gerður kjarasamningur ákvarðaði lágmarks laun og kjör. Þannig að þessi dómur hefur engin áhrif á Íslandi.

Kjarasamningar

Endurnýjun almenna samnings :

Þ. 18. febrúar 2008 voru undirritaðir nýir almennir kjarasamningar. Lágmarkstaxtar hækka við undirritun um kr. 21.000, árið 2009 um kr. 17.500 og árið 2010 um kr. 10.000. Við undirskrift er gert ráð fyrir að þeir rafiðnaðarmenn sem ekki hafi fengið a.m.k 5.5% hækkun frá janúar 2007 fá það sem upp á vantar. En fyrir starfsmenn sem hófu starf síðar en fyrir september er launatrygging 4.5%. Reiknitala ákvæðisvinnu verður 405.78 kr. Nýtt ákvæði um 15% flokksstjórnarálag.

Nýir taxtar Ákvæði eru um nýja lágmarkstaxta rafiðnaðarmanna að loknu 2ja ára fagnámi sem verði 80% af sveinskaupstaxta. Einnig er ákvæði um lágmarkstaxta með viðkennd starfsréttindi en uppfylla ekki skilyrði um sveinspróf skv. íslenskum reglum eða eftir 3ja ára fagnám verði 90% af sveinskaupstaxta. Desember og orlofsuppbót nema verður sú sama og sveinum.

Lengra orlof og fleiri veikindadagar. Ákvæði er um 30 daga orlof eftir 10 ár hjá sama fyrirtæki en var 28 dagar áður. Hraðari ávinnsla er á öðrum stigum orlofs. Veikindadögum vegna barna fjölgar úr 10 dögum í 12 daga.

Lenging á námskeiðstíma. Heimild til námskeiðssóknar á fagtengd námskeið án þess að glata launum lengist úr 24 tímum í 40 tíma, annað hvert ár og úr 12 tímum í 16 tíma á hverju ári.

Línan - nýtt akstursgjald. Samkomulag náðist um að marka svæðið við samfellda þéttbýliskjarna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, að undanskildu Kjalarnesi. Greiða eigi sérstaklega fyrir allan akstur til byggingarstaða sem eru fjær en 1 km utan þéttbýliskjarna. Óski vinnuveitandi að rafiðnaðarmaður mæti á eigin bíl á vinnustað annan en verkstæði í upphafi vinnudags, skal greiða honum þóknun sem nemur 15% af km. gjaldi. Þó að lágmarki 8 km. og að hámarki 16 km.

Endurhæfingarsjóður. samkomulag var um stofnum endurhæfingarsjóða, Fyrirtækin, ríkissjóður og lífeyrissjóðirnir myndu greiða 0,13% hvert um sig í hann. Sjóðurinn tæki til starfa 1. jan 2009. Hlutverk sjóðsins væri að hafa samband við fólk sem lenti í langvinnum veikindum og stuðla að því að færi sér að kostnaðarlausu í endurhæfingu og fengi auk þess hjálp til þess vinna úr stöðu sinni.

Endurskoðunarákvæði er í samningnum þar sem gert er ráð fyrir að sérstök forsendunefnd skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af samninganefnd ASÍ og tveimur af SA fjalli um þróun efnahagsmála á samningstímanum. Í byrjun febrúar 2009 skal taka afstöðu um framlengingu samningsins fyrir tímabilið 1. mars 2009 til 30. nóvember 2010. Samningurinn framlengist til 30. nóvember 2010 hafi báðar forsendur samningsins staðist.

1. Annars vegar þarf kaupmáttur launa á almennum vinnumarkaði að hafa haldist eða aukist á samningstímanum (tímabilinu janúar 2008 – desember 2008) samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands (sérstök úrvinnsla).
2. Hins vegar þarf verðbólga að hafa farið lækkandi. Með lækkandi verðbólgu er átt við að verðbólga innan ársins 2008 þ.e. 12 mánaða verðbólgan í desember 2008 sé lægri en 5,5%. Ennfremur að verðbólga á 6 mánaða tímabilinu ágúst 2008 – janúar 2009 sé innan við 3,8%, miðað við árs hraða.

Nú hefur önnur hvor samningsforsendan eða báðar ekki staðist skal þegar í stað kalla saman fund samninganefndar ASÍ og SA sem leita skal samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiðs samningsins, festa forsendur hans í sessi og tryggja að samningurinn haldi gildi sínu. Nú næst ekki samkomulag og skal þá sá aðili sem ekki vill framlengingu samningsins skýra frá þeirri

ákvörðun og fellur þá samningurinn úr gildi frá lokum febrúar 2009, ella framlengist samningurinn til 30. nóvember 2010.

Ef forsendur sammingsins standast eiga rafiðnaðarmenn að fá þ. 1. mars 2009 3,5% launahækkun, en frá henni dragast hækkunar á launum starfsmanns eftir gildistöku sammingsins. Þann 1. jan. 2010 hækki laun um 2.5%.

Lágmarkstaxtar 2008

	Mán.laun	vikulaun	dagvinna	yfirvinna	stórh.vinna
2ja ára nám	166.274	38.372	959.29	1.707.63	2.286.27
3ja ára nám	189.427	43.715	1.092.87	1.945.42	2.604.62
Sveinn	210.474	48.572	1.214.30	2.161.57	2.874.02
1 árs sveinn	214.825	49.576	1.239.40	2.206.25	2.953.84
3ja ára svein	219.286	50.606	1.265.14	2.252.07	3.015.18
5 ára sveinn	238.269	54.986	1.374.66	2.447.02	3.276.20

Lágmarkstaxtar 2009

2ja ára nám	180.099	41.562	1.039.05	1.849.62	2.476.36
3ja ára nám	205.177	47.350	1.183.74	2.104.17	2.821.18
Sveinn	227.974	52.610	1.315.26	2.341.29	3.134.60
1 árs sveinn	232.325	53.610	1.340.36	2.385.98	3.194.47
3ja ára sveinn	236.786	54.644	1.366.10	2.431.79	3.255.81
5 ára sveinn	255.769	59.025	1.475.62	2.626.75	3.516.82

Lágmarkstaxtar 2010

2ja ára nám	188.394	43.476	1.086.91	1.934.81	2.590.42
3ja ára nám	214.627	49.530	1.238.26	2.204.22	2.951.12
Sveinn	238.474	55.034	1.375.84	2.449.13	3.279.02
1 árs sveinn	242.825	56.038	1.400.94	2.493.81	3.338.84
3ja ára sveinn	247.286	57.067	1.426.68	2.539.63	3.400.18
5 ára sveinn	266.269	61.448	1.536.20	2.734.58	3.661.20

Fyrirtækjasamningar RSÍ :

Kjarasamningur við fjármálaráðuneytið var undirritaður 29. maí. Hann er í öllum meginatriðum eins og Starfsgreinasambandið og BSRB gerði um helgina með 20.300 kr. launahækkun á mánuði. Samningstíminn er 11 mán.

Í kjölfar þessa sammings var undirritaður kjarasamningur við **Flugstöðir**, hann er eins og ríkissamningurinn.

Kjarasamningur við OR var undirritaður í Karphúsinu 4. júní. Samningurinn gildir til desember 2010, en er með endurskoðunarákvæðum í marz 2009 tengdum ASÍ samningunum. Kauptaxtar munu hækka um 63.500 kr. á samningstímabilinu, en auk þess er gerð endurskoðun á frammistöðumati og bónus samningum og launataxtar hækkaðir að auki með þeim tilfærslum.

Grunnhækkun launa er við undirritun 5.5%, 1. marz 2009 er grunnhækkun 3.5% og 1. janúar 2010er grunnhækkun 2.5%. Lágmarkslaunataxtar eru færðir nær greiddu kaupí í þrem áföngum með tilfærslum úr launahvetjandi kerfum. Þannig munu lágmarkslaun rafiðnaðarsveina verða í lok samningstíma 253 þús. kr. og lágmarkslaun rafvirkja með 5 ára sveinspróf og meistararéttindi 281 þús. kr.

Önnur ákvæði eru í samræmi við ASÍ samningana, en auk þess voru nokkrar lagfæringar gerðar á samningnum. Hér er um að ræða nýjar skilgreiningar á lágmarkslaunum, aukinn réttur vegna veikinda barna, hækkun orlofs- og desemberuppbóta og ákvæði um launalaus leyfi. Nýr slysatryggingarkafli sem bætir sérstaklega þá sem slasast í starfi.

Kjarasamningur Félag stórkaupmanna var undirritaður 4.júlí. Hann er á á sömu nótum og almenni samningurinn.

Kjarasamningur við RARIK var undirritaður 12. des. Samningurinn gildir 31. des. 2010.

Við undirritun er starfsmönnum endurreiðað í launatöflu. Grunnröðun hækkar um tvo launaflokka ásamt því persónubundinn kaupauki felldur inn í nýja innröðun og klippt er neðan af launatöflu og neðsta starfsaldursþrep. Laun hækka 1. marz 2009 um 3.5% og 1. janúar um kr. 11.000

Tímaskriftum vegna útkalla er breytt. Inn kemur ákvæði um 0.13% í endurhæfingarsjóð og 2ja daga lengingu vegna veikinda barna eins og í öðrum kjarasamningum. Slysaftryggingarákvæði samningsins verða endurskoðuð. Forsenduákvæði annarra samningum um endurskoðun er í þessum samning. Sett verður á laggirnar samstarfsnefnd sem fer yfir starfsheiti og starfssvið til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á undanförunum árum.

Í desember voru undirritaðir kjarasamningar við **Ísal, Elkem Grundartanga, Reykjavíkurborg, Landsnet, Landsvirkjun og Norðurorku**. Allir þessi samningar ná út árið 2010 einn þeirra fram í feb. 2011.

Launahækkunarir eru mismunandi útfærðar í samningunum en launakostnaðarauki svipaður eða um 13 – 15%. Upphafshækkun hefur verið ýmist 5.5% eða föst krónutala um 21 þúsund kr. Í þeim öllum hafa bónusar og/eða kaupaukar verið færðir inn í launatöflur. Í flestum þeirrar var ákvæði um 30 daga orlof, en ef svo var þá var það sett inn. Orlof vegna veikinda barna var lengt úr 10 dögum í 12 dag.

Kjarasamningur við Landsímamann var undirritaður 19. des.. Launum hinna lægst launuðu var lyft sérstaklega, auk þess að var tekið á nokkrum öðrum þáttum. Á þessum samningum starfa um 1.200 félagsmanna RSI.

Eftir áramót voru gerðir kjarasamningar við **Norðurál, Hitaveitu Suðurnesja, Steinullarverksmiðju og Sementsverksmiðju**. Þessi samningar voru svipaðir og áður gerðir samningar. Í Norðurálssamning var bónuskerfi endurskoðað.

Í marz var gengið frá kjarasamningum við sýningarmenn þ.e. við **Senu-Kvikmyndahúsið og Samfélagið**. Eftir standa samningar við Kögun, RÚV og 365

Viðræður um endurskoðun :

Þ. 23. feb. hófust viðræður milli ASÍ og SA um hvort aðilar vildu framlengja líf núverandi kjarasamnings og hvernig gengið yrði frá launahækkunum og umsömdum kjarabótum. SA hefur bent á að ekki séu við núverandi aðstæður möguleiki að fyrirtækin geti hækkað laun. Bankakerfið nánast óvirkt, vextir vel á þriðja tug prósent, rekstrarvandinn gríðarlegur og fjöldi fyrirtækja gjaldþrota í hverri viku. Byggingariðnaður stöpp, víðtækar uppsagnir standi nú yfir í þjónustu og verslun, fiskur seljist ekki erlendis og verð lág, því fylgi gríðarleg birgðasöfnun. Ef fyrirtækjunum yrði stillt upp með kröfu um hækkun launa væri ljóst að það myndi verða brugðist við því með enn frekari uppsögnum eða uppsögn kjarasamninga.

En SA hefur jafnframt látið það koma fram að þeir væru tilbúnir að ræða það við ASÍ hvort hægt væri að mynda samstöðu allra heildarsamtaka báðum megin borðs á vinnumarkaði ásamt komandi ríkisstjórn um hvort hægt sé að móta sameiginlega áætlun um hvernig atvinnulífið verði byggt upp með t.d. tveggja ára áætlun. Eftir mikil fundahöld meðal landssambanda innan ASÍ á síðustu vikum þar sem sett var fram sú spurning fyrir félagsmenn, hvort þeir vildu láta á það reyna hvort viðunandi niðurstaða næðist með samningaleiðinni, eða láta á það reyna hvort fyrirtækin myndu segja upp kjarasamningum, eða mæta hækkunum með enn stórfelldari uppsögnum. Niðurstaða 85% félagsmanna innan ASÍ var að láta reyna á samningaleiðina og taka þá afstöðu til þeirrar niðurstöðu sem þar næðist.

Launakönnun 2008 :

Launakönnun Capacent fyrir RSI september 2008. Unnið var í 911 manna úrtaki og svarhlutfall var 62.2%. 87.5% voru karlar 12.5% konur. Meðalaldur svarenda var 41 ár og meðalstarfsaldur 14 ár. 70% höfðu lokið sveinsprófi eða meiri menntun.

Meðaltalsvinnutími sept. 2006 ág. 2007 sept. 2008

199 klst. 190 klst. 185 klst.

Meðalheildarlaun voru í september 2008 kr. 451 þús. og hækkuðu um 6.5% frá síðasta ári.

Meðalregluleg laun voru kr. 340 þús. og hækkuðu um 4% frá síðasta ári.

Meðalvinnutími var í sept. 185 tímar og lækkar um 5 klst frá síðasta ári.

Skipting félagsmanna í september 2008 eftir námi og meðallaun

Nám	Hlutfall	Regluleg laun	Heildarl.	Meðalvinnutími
Grunnskóli	11%	275 þús.	357 þús.	200.7
Framhaldsskóli	6%	316 þús.	375 þús.	172.8
Sveinspróf	50%	333 þús.	459 þús.	186.0
Svpr. og meistarask.	20%	343 þús.	480 þús.	182.2
Tækniskóli	5%	401 þús.	477 þús.	178.5
Háskóli	8%	471 þús.	530 þús.	177.6

Í sept. 2008 höfðu 6.203 einstaklingar greitt til Rafiðnaðarsambandsins um lengri eða skemmri tíma næstliðna 12 mánuði, að auki eru í sambandinu 380 gjaldfrjálsir

Rafiðnaðarmenn með sveinspróf eða meira vinna að meðaltali 42 tíma á viku.

Regluleg laun

	sept 2006	ágúst 2007	sept. 2008	hækkun	
Án sveinsprófs	258.469 kr.	299.830 kr.	296.330 kr.	- 1.2%	
Sveinspr. eða meira	291.111 kr.	341.778 kr.	364.620 kr.	6.6%	
Rafeindavirkjar	308 þús. kr.	403 þús. kr.	399 þús. kr.	- 0.9%	
Rafvirkjar	285 þús. kr.	303 þús. kr.	321 þús. kr.	5.9%	
Símamenn	279 þús. kr.	320 þús. kr.	346 þús. kr.	8.1%	
Tæknifólk	274 þús. kr.	309 þús. kr.	340 þús. kr.	10.0%	

Regluleg laun eru föst laun sem greidd eru fyrir 40 dagvinnutíma, utan bónus, álags eða yfirvinnu.

Meðaldaglaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf eru 1.900 kr. á tímann að meðtöldum des. og orlofsuppbót og öðrum föstum greiðslum. Yfirvinnulaun eru 3.500 kr. á tímann.

Meðalheildarmánaðarlaun

	sept 2006	ágúst 2007	sept. 2008	hækkun milli 07/08
Án sveinsprófs	306.865 kr.	370.370 kr.	394.667	6.6%.
Sveinspr. eða meira	379.992 kr.	427.535 kr.	486.500	13.8%

Hér er í öllum tilfellum miðað við 185 klst. vinnu, svo tölurnar séu sambærilegar

Meðalheildarmánaðarlaun og unnir tímar

	sept. 2006	klst.	ágúst 2007	klst.	sept. 2008	klst.
Rafeindav.	390 þús. kr.	197	474 þús. kr.	184	474 þús. kr.	178
Rafvirkjar	429 þús. kr.	206	436 þús. kr.	196	492 þús. kr.	190
Símamenn	313 þús. kr.	186	344 þús. kr.	164	374 þús. kr.	178
Tæknifólk	326 þús. kr.	195	417 þús. kr.	191	447 þús. kr.	191

Af þessum tölum má draga þá ályktun að það sem fjölgun hjá rafeindavirkjun á fastlaunasamningum

Kynjaskipting launa

Regluleg laun

Karlar með iðnnám eða minna	296.000 kr.
Konur með iðnnám eða minna	265.000 kr.

Karlar með sveinspróf eða meira	354.000 kr.
Konur með sveinspróf eða meira	407.000 kr.

Rafkonur eru með 15% hærri regluleg laun er rafkarlar.

Heildarlaun

Karlar með iðnnám eða minna	425.þús. kr.
Konur með iðnnám eða minna	301.þús. kr.

Karlar með sveinspróf eða meira	474.þús. kr.
Konur með sveinspróf eða meira	449.þús. kr.

Ef heildarlaunatafla er borin saman við regluleg laun er ljóst að rafkarlar vinna töluvert meiri yfirvinnu en rafkonur.

40% á fastlaunasamningum. 60% fengu greidd laun samkvæmt tímaskrift, sem er sama tala og í fyrra. 40% eru á fastlaunasamningum.

Fastlaunahópurinn skiptist þannig að um 55% hans fær yfirvinnu umfram afmarkaðan tíma greidda. Hinn fær einvörðungu fastlaun, sama hversu langur tími er unninn. Í fyrra var þetta jafnt. Á árinu 2006 var sá hópur sem fékk alltaf sömu laun 55%.

RSÍ hefur gagnrýnt markvisst þá fastlaunasamninga þar sem ekki er skilgreint hvaða tímar eru innfaldir í fastlaunasamning. Margir atvinnurekendur nýttu sér þetta gat í fastlaunasamningnum (pakkalaunasamningum) með því að láta fólk vinna mikla yfirvinnu án þess að greiða neitt aukalega fyrir hana.

Orlofskerfi RSÍ

Töluverð breyting hefur átt sér stað á orlofseignum RSÍ undanfarin misseri. Í rekstri orlofskerfisins : 2 hús í Svignaskarði, þau voru tekin í gegn í vetur sett ný gólf og eldhús löguð. 1 raðhús í Stykkishólmi. 1 hús í Vatnsfirði, í sumar bætist við á Vestfjörðum einbýlishús í Súðavík. 1 hús í Varmahlíð. 3 íbúðir á Akureyri, í haust voru settar stórar verandir við íbúðirnar. 1 hús í Vaglaskógi. 1 hús á Illugastöðum sem í skiptum fyrir annað hús RSÍ í Lóninu. 3 hús á Einarstöðum. 1 hús í Lóninu. 3 hús á Kirkjubæjarklaustri. 15 hús í Skógarnesi við Apavatn. 3 hús í Ölfusborgum, í vetur voru þau tekin algjörlega í gegn í kjölfar mikilla skemmda vegna jarðskjálfta, herbergi stækkuð, skipt eldhús og reist 10 ferm. sólstofa við húsin. 6 íbúðir í Reykjavík. Samtals 42 orlofshús.

13 tjaldvagnar eru í leigukerfinu allir nýir. Erlendis eru í boði 1 íbúð í Kaupmannahöfn og 2 hús á Spáni. Í haust var sagt upp leigusamning fyrir aðra íbúðina í Kaupmannahöfn og eins leigusamning hússins í Flórída. Samtals 58 orlofseiningar

Veðikort og Útilegukort verða á boðstólum fyrir félagsmenn í sumar með 25% afslætti.

Skógarnes við Apavatn :

Við Apavatn á RSÍ 25 hektara orlofssvæði. Í vetur keypt til viðbótar um 1.3 ha land sem liggur við svæðið. Það gefur tækifæri til þess að landræma norðan nýju húsanna nýttist mun betur og er hægt að bæta við í allt að 7 nýjum húsum. Skógurinn á austanverðu nesinu dafnar betur með hverju ári. Gestum er heimil veiði í vatninu. 9 holu púttvöllur og 9 holu æfingavöllur með 50 – 250 m par 3 brautum. Knattspyrnuvöllur og þrjú stór vel búin leiksvæði. Á svæðinu er rúmgott tjaldsvæði með 2 rúmgóðum snyrtihúsum. Við húsin eru gasgrill og góð aðstaða til þess að vaska upp.

Á síðasta ári voru um 12.000 gestir á orlofssvæðinu við Apavatn og tekjuaukning af tjaldsvæðinu var 36%, stór hluti er vegna þess að nýja raforkukerfið var tekið í gang og hafinn gjaldtaka vegna þess. Flestar helgar var tjaldsvæðið fullskipað og á annað hundrað fjölskyldur á svæðinu. Töluverð

aukning var á að fólk var á svæðinu lengri tíma en eina helgi, oft í tvær vikur. Fjölskyldufaðirinn fór til vinnu virku dagana en fjölskyldan var eftir. Í haust var tjaldsvæðið enn stækkað og um fyrir næstu fjölskylduhelgi verða opnaðar nýjar flatir sem rúma um 30 vagna. Með vel búnu tjaldsvæði er verið að koma til móts við þá fjölmörgu félagsmenn sem hafa komið sér upp góðum útvistargræjum, en vitanlega eiga þeir jafnmikinn rétt innan orlofssjóðsins og þeir sem nýta orlofshúsin.

Í vor mun ljúka byggingu 10 nýrra húsa í Skógarnesi. Um er að ræða stórglæsileg 93 ferm. hús með 10 ferm. útigeymslu og 80 ferm. verönd. Húsin hafa reynst gríðarlega vinsæl og ánægja með allan frágang. Fyrir liggur að breyta skipulagi minni húsanna, en ekki er ákveðið hvenær það verður.

Golfvöllurinn er gríðarlega vinsæll meðal gesta svæðisins og hefur hann fengið þau umæli að vera með betri æfingavöllum. Erfiður og kröfuharður. Síðasta sumar voru nokkrar brautir lagfærðar og breikkaðar. Auk þess var ræst fram svæði sem var ætíð undir vatni eftir rigningar, um leið voru settar nokkrar sandgryfjur. Í Miðdal við Laugarvatn rekur RSÍ í samfélagi við önnur stéttarfélög 9 holu golfvöll. Félagsmenn fá kort að golfvöllinum gegn vægu gjaldi.

Í fyrra var var tekinn í notkun nýr sparkvöllurinn á túninu neðan við stóra húsið, auk þess var settur upp blakvöllur. Fyrirhugað er að setja upp körfuboltavöll í vor.

Hundahald vaxandi vandamál. Stærsta vandamálið á Skógarnessvæðinu eru að verða hundar, eða kannski frekar umsjónarmenn þeirra. Margir umsjónarmanna virða að vettugi allar reglur um að hundar verði að vera í bandi og megi ekki ganga lausir, auk þess að þrifa verði upp eftir þá. Það er gríðarleg óánægja meðal gesta hvernig umsjónarmenn sleppa að þrifa upp eftir hundana, eða gera það en henda svo plastpokunum frá sér. Lítil börn eru að leik þar sem hundarnir hafa skilið eftir sig eða oftar umsjónarmenn hafa skilið eftir plastpokana.

Margir eru hræddir við hundana og þeir hlaupa upp um börn og fólk þegar þeim er sleppt lausum og sumir hundahaldarar sinna engu beiðnum um úrbætur. Þetta mál var til umræðu í miðstjórn sambandsins og vaxandi vilji til þess að banna hundahald. Ákveðið var að gera enn eina tilraun. En nú verður að telja vaxandi líkur þar sem hundahaldarar virða ekki settar reglur verði allt hundahald bannað á svæðinu.